RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Svanur Þór Brandsson
Kt. 0307713709
Dags. 17.5.2023 13:47:58
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT INNSIGLAÐ
Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.
Dags. 17.5.2023 13:52:13
Ástæða: Samþykkt byggingarfulltrúa 17.05.2023.

# Arnarbæli 1c Grímsnes og Grafningshrepps. L228405.

TEIKNISETT:
AÐALTEIKNINGAR


- A-000- FORSÍÐA
- A-099- GREINARGERÐ / BYGGINGARLÝSING
- A-100- AFSTÖÐUMYND & ORKURAMMI
- A-110- GRUNNMYND & SNIÐ & SKRÁNINGARTAFLA
- A-120- ÚTLIT
- A-130- SNIÐ&DEILI & GLUGGAR/ HURÐAR




SGHÚS

BLAÐSTÆRÐ: A2

**BYGGINGARLÝSING /GREINARGERÐ HÖNNUÐAR AÐALUPPDRÁTTA**

**1. YFIRLIT**

**ALMENNT**

FYRIRHUGAÐ ER AÐ BYGGJA 127,0 m² ÍBÚÐARHÚS Í NOTKUNARFLOKKI 3 Á EINNI HÆÐ VIÐ ARNARBÆLI 1C Í GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPS LANDNÚMER L228405.
ÁÆTLAÐUR ÍBÚAFJÖLDI CA 3-5 MANNS.
ÖLL BYGGINGAREFNI OG BYGGINGARHLUTAR EIGA AÐ UPPFYLLA KRÖFUR SEM GERÐAR ERU HÉRLENDIS - STAÐLA, REGLUGERÐIR, LÖG OG ÁKVÆÐA UM CE-MERKINGAR.
HÖNNUN OG FRAMKVÆMD SKAL UPPFYLLA KRÖFUR DEILISKIPULAGS (LÓÐABLAÐS)

**FORSENDUR HÖNNUNAR**

VIÐ HÖNNUN BYGGINGAR ER LEITAST VIÐ AÐ FRAMSETJA ÓSKIR LÓÐARHAFA ÁSAMT ÞVÍ AÐ UPPFYLLA KRÖFUR GILDANDI REGLUGERÐA, STAÐLA OG DEILISKIPULAGS.

**2. LÓÐ/SKILMÁLAR/FRÁVIK**

LÓÐ: STAÐSETNING HÚSS ER INNAN BYGGINGARREITS SAMKVÆMT AFSTÖÐUMYND. STÆRÐ LÓÐAR ER 5,4 HA , NÝTINGARHLUTFALL ER 0,01. STAÐSETNING HÚSS ER VALIN MEÐ TILLITI TIL NÁTTÚRULEGRA AÐSTÆÐNA, SVO AÐ HELSTU LEIK OG DVALARSVÆÐI UTANDYRA NJÓTI SEM BEST BIRTU, HLÉ FRÁ VINDI OG ÚTSÝNIS.
HÆÐARMUNI SKAL JAFNAÐ ÚT OG SETT SLÉTT YFIRBORÐSEFNI Á AÐKOMULEIÐIR HÚSS. MEÐ SLÉTTU YFIRBORÐI ER ÁTT VIÐ HELLUR, MALBIK EÐA SAMBÆRILEGT. GÆTA SKAL ÞESS AÐ UPPSÖFNUN VATNS VERÐI EKKI Á AÐKOMULEIÐUM. BREIDD GÖNGULEIÐAR AÐ BYGGINGUM SKAL VERA AÐ LÁGMARKI 1,50 m.
ÞAR SEM EKKI ERU GANGSTÍGAR, BÍLASTÆÐI EÐA DVALARSVÆÐI (SÓLPALLAR) SKAL TYRFA LÓÐ.
UM ALMENNAN FRÁGANG Á LÓÐ, VIÐ PLÖNTUN OG UMHIRÐU TJRJÁA/RUNNA OG GIRÐINGA SKAL FYLGJA BYGGINGARREGLUGERÐ, GREINUM 7.2.1-7.2.4.
BÍLASTÆÐI ERU 2 Á ÍBÚÐ SAMKVÆMT DEILISKIPULAGI OG ÞAR VERÐUR MÖGULEIKI Á UPPSETNINGU HLEÐSLUSTÖÐVAR FYRIR RAFBÍLA.
KÓTAR ERU SAMKVÆMT LÓÐABLAÐI, STAÐSETJA SKAL HÚS Í SAMRÁÐI VIÐ SKIPULAGS OG/EÐA BYGGINGARFULLTRÚA.

**3. BYGGINGARHLUTAR**

**JARÐVEGUR OG FYLLINGAREFNI** SKAL VERA FROSTFRÍTT. JARÐEFNI SKAL HAFA HÆFILEIKA TIL AÐ VEITA VATNI/RAKA FRÁ SÉR. YFIRBORÐ JARÐVEGS VIÐ BYGGINGU SKAL HALLA FRÁ BYGGINGU OG ÞAR MEÐ LEIÐA VATN FRÁ. HÖNNUÐUR BOTNPLÖTU OG SÖKKLA SKAL TRYGGJA AÐ EFNISEIGINLEIKAR ÞESSA BYGGINGARHLUTA HLEYPI EKKI VATNI EÐA RAKA INNÍ BYGGINGU.

**SÖKKLAR** ERU BYGGÐIR ÚR JÁRNBENTRI STEINSTEYPU, EINANGRAÐIR AÐ INNAN MEÐ 75mm EINANGRUNARPLASTI (0.031 W/mK). UPPBYGGING ÁSAMT STÆRÐ SÖKKLA SKAL VERA SAMKVÆMT HÖNNUN BURÐARVIRKIS.

**BOTNPLATA/GÓLF** ER JÁRNBENT STEINSTEYPT PLATA EINANGRAÐ MEÐ 100mm EINANGRUNARPLASTI (0.031 W/mK). UPPBYGGING ÁSAMT ÞYKKT PLÖTU SKAL VERA SAMKVÆMT HÖNNUN BURÐARVIRKIS. FRÁGANGUR GÓLFEFNA SKAL VERA SAMKVÆMT FRAMLEIÐANDA. GERÐ GÓLFEFNA SKAL VERA Í FLOKKI Dfl-s1.

**ÚTVEGGIR** ERU ÚR 45X145mm TIMBRI, EINANGRAÐ MEÐ 145mm STEINULL (0,037W/mK). UTAN Á TIMBURGRIND KEMUR 9mm GUFUOPINN KROSSVIÐUR (HÁMARKS SD GILDI KROSSVIÐS VIÐ HR 70-80% SKAL VERA 5M) OG LOFTUNARGRIND (LEKTUR) 28-34mm. TRYGGJA SKAL AÐ LOFTFLÆÐI UNDIR KLÆÐNINGU TEPPIST EKKI, T.D. VIÐ INN OG ÚTSTREYMI, VEGNA LEKTA, UNDIR OG YFIR GLUGGUM OG HURÐUM.
KLÆÐNING ER LÓÐRÉTT FÚAVARIN TIMBURKLÆÐNING EN PO TO.
AÐ INNAN ER GENGIÐ FRÁ RAKAVARNARLAGI (LÁGMARKS SD GILDI RAKAVARNARLAGS SKAL VERA 50M) SAMKVÆMT BYGGINGARREGLUGERÐ, LEIÐBEININGUM FRAMLEIÐANDA OG SÉRRITI NMÍ "FRÁGANGUR RAKAVARNALAGA", ÞVÍ NÆST ER RAFMAGNSGRIND OG PLÖTUKLÆÐNING.
ÞÉTTA SKAL Á MILLI BOTNSTYKKIS VEGGJAEININGAR OG SÖKKULS MEÐ ILLMOD BORÐA. ÞÉTTA SKAL MEÐ KÍTTI EÐA ÞÉTTITAPE-I UTAN VIÐ 9mm KROSSVIÐ, ÖLL SAMSKEYTI, INN/ÚTHORN, MEÐ GLUGGUM/HURÐUM, MILLI SPERRA OG VIÐ INNIHORN Á MILLI ÞAKKLÆÐNINGAR OG 9mm VEGGJARKROSSVIÐS.
VEGGIR SKULU VERA LÁGMARK EI30 NEMA AÐ ANNAÐ KOMI FRAM Á TEIKNINGU.
INNSTA KLÆÐNING SKAL AÐ LÁGMARKI VERA Í FLOKKI 2 Í ÍBÚÐ.
SJÁ NÁNAR Í VERKFRÆÐITEIKNINGUM.

**ÞAK** ER STAFNAÞAK BYGGT UPP MEÐ KRAFTSPERRUM 18°HALLA OG LÁRÉTTU TOGBANDI. ÞAK KLÆÐIST MEÐ BÁRUKLÆÐNINGU (FLOKKI T), Á 45mm LEKTUR, BÁRUKLÆÐNING Í GRÁUM LIT RAL 7011, ÞAKPAPPA (ASFALT) OG BORÐAKLÆÐNINGU (25mm) / KROSSVIÐSPLÖTUM (15-18mm). ÞAKPAPPI SKAL PASSA ÞAKGERÐ OG HALLA SAMKVÆMT UPPLÝSINGUM FRÁ FRAMLEIÐANDA. ÞAK ER EINANGRAÐ MEÐ 200MM STEINULL (0,037W/mK) MEÐ VINDPAPPA. NEÐAN VIÐ ULL ER GENGIÐ FRÁ RAKAVARNARLAGI (LÁGMARKS SD GILDI RAKAVARNARLAGS SKAL VERA 50M) SAMKVÆMT BYGGINGARREGLUGERÐ OG SÉRRITI NMÍ "FRÁGANGUR RAKAVARNALAGA" OG LEIÐBEININNGUM FRAMLEIÐANDA. ÞVÍ NÆST ER RAFMAGNSGRIND, LOFT ERU KLÆDD MEÐ PLÖTUKLÆÐNINGU.
TRYGGJA SKAL LOFTUN ÞAKVIRKIS. LOFTUNAROP INN OG ÚR HVERJU LOFTBILI SKAL VERA MINNST 1.000 mm² Á HVERN m² ÞAKFLATAR EÐA SAMKVÆMT ÚTREIKNINGUM VERK/TÆKNIFRÆÐINGS. LOFTBIL YFIR EINANGRUN SKAL VERA AÐ LÁGMARKI 25 mm. ÞAK SKAL VERA LÁGMARK EI30 NEMA ANNAÐ KOMI FRAM Á TEIKNINGU. INNSTA KLÆÐNING SKAL AÐ LÁGMARKI VERA Í FLOKKI 2.

**ÞAKKANNTUR** ER KLÆDDUR MEÐ TIMBURVIÐARKLÆÐNINGU Í GRÁUM LIT RAL 7011, UNDIRKLÆÐNING ER KLÆDD MEÐ 15X95mm TIMBURBORÐUM Í GRÁUM LIT RAL 7011. ÞAKRENNUR OG NIÐURFÖLL ERU ÚR PLASTI Í HVÍTUM LIT.
SJÁ NÁNAR Í VERKFRÆÐITEIKNINGUM.

**INNVEGGIR** (LÉTTIR) GETA BÆÐI VERIÐ ÚR 70mm TIMBURSTOÐUM EÐA 70mm ÁLSTOÐUM, KLÆDDIR Á BÁÐUM HLIÐUM MEÐ PLÖTUKLÆÐNINGU. EINANGRAÐ MEÐ 45mm STEINULL. INNSTA KLÆÐNING SKAL AÐ LÁGMARKI VERA Í FLOKKI 2. Í ÍBÚÐ.

**STYRKINGAR/BURÐARVEGGIR/BITAR/SÚLUR** SKULU VERA SAMKVÆMT HÖNNUN BURÐARVIRKIS.

**GLUGGAR** ERU TIMBUR GLUGGAR Í HVÍTUM LIT RAL 9010. ALLUR FRÁGANGUR GLUGGA/GLERS OG BJÖRGUNAROPA SKAL VERA SAMKVÆMT LEIÐBEININGARBLAÐI RB. 31.005 - "ÍSETNING GLUGGA Í TIMBURGRIND", BYGGINGARREGLUGERÐ, LEIÐBEININGUM FRAMLEIÐANDA OG AÐALUPPDRÁTTUM. VAL Á GLERI SAMKVÆMT RB BLAÐI "VAL GLERGERÐA FYRIR ÍBÚÐARHÚS" AÐALUPPDRÆTTIR SKULU HAFÐIR TIL HLIÐSJÓNAR VIÐ SMÍÐI Á GLUGGUM.
SAMKVÆMT BYGGINGARREGLUGERÐ.
*8.2.6. GR. „GLERJAÐIR GLUGGAR SKULU SLAGREGNSPRÓFAÐIR SAMKVÆMT ÍST EN 1027. GLUGGI SKAL STANDAST PRÓFUNARÁLAG SEM ER AÐ LÁGMARKI 1100 PA".*
*8.5.2. GR. „VIÐ VAL Á GLERGERÐUM Í MANNVIRKI SKAL FYLGJA EFTIRFARANDI RB-BLÖÐUM NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS EINS OG VIÐ Á HVERJU SINNI. UM ER AÐ RÆÐA RB-BLAÐ (31). 121.1 „VAL GLERGERÐA FYRIR ÍBÚÐARHÚSNÆÐI".*

**ÚTIHURÐAR** ERU TIMBUR HURÐAR Í HVÍTUM LIT RAL 9010. ALLUR FRÁGANGUR HURÐA SKAL VERA SAMKVÆMT BYGGINGARREGLUGERÐ, LEIÐBEININGUM FRAMLEIÐANDA OG AÐALUPPDRÁTTUM. VAL Á GLERI SAMKVÆMT RB BLAÐI "VAL GLERGERÐA FYRIR ÍBÚÐARHÚS"
STÆRÐ HURÐA ER SAMKVÆMT AÐALUPPDRÁTTUM OG AÐGENGISKAFLA HÉR AÐ NEÐAN.
*SAMKVÆMT BYGGINGARREGLUGERÐ, 6.13.1. GR. „BRÉFARIFUR FYRIR MÓTTÖKU BRÉFAPÓSTSENDINGA SKULU VERA MINNST 25 X 260 MM AÐ STÆRÐ OG STAÐSETTAR ÞANNIG AÐ FJARLÆGÐ FRÁ GÓLFI (JÖRÐU) AÐ NEÐRI JAÐRI BRÉFARIFU SÉ EKKI MINNI EN 1,00 M OG EKKI MEIRI EN 1,20 M".*

**INNIHURÐAR** VERÐA SAMKVÆMT VALI HÚSBYGGJANDA. ALLUR FRÁGANGUR HURÐA SKAL VERA SAMKVÆMT BYGGINGARREGLUGERÐ OG LEIÐBEININGUM FRAMLEIÐANDA.
STÆRÐ HURÐA ER SAMKVÆMT AÐALUPPDRÁTTUM OG AÐGENGISKAFLA HÉR AÐ NEÐAN.

**VOTRÝMI** ÞAR SEM BÚAST MÁ VIÐ VATNSLEKA SKAL GÓLF VERA VATNSHELT MEÐ NIÐURFALLI OG HALLA AÐ NIÐURFALLI. EKKI ER HEIMILT AÐ HAFA NIÐURFALL Í GÓLFI VOTRÝMIS AFLOKAÐ, T.D. INNI Í SÖKKLI INNRÉTTINGAR. VATNSÞÉTT LAG SKAL VERA Á GÓLFUM OG VEGGJUM VOTRÝMA OG SKAL ÞAÐ ÞÉTT Á FULLNÆGJANDI HÁTT MEÐ RÖRUM OG STOKKUM. NOTA SKAL EFNI OG ÚTFÆRSLUR SEM DRAGA ÚR MYNDUN MYGLU OG MYNDUN SVEPPA. GÓLF SKAL ÞANNIG FRÁGENGIÐ AÐ EKKI SÉ HÆTTA Á HÁLKU Í BLEYTU.
FRÁGANGUR VOTRÝMA SKAL VERA SAMKVÆMT RB BLAÐI "*FRÁGANGUR VOTRÝMA*". VEGGUR MEÐ INNBYGGÐUM VATNSGEYMI, T.D. VIÐ SALERNI, SKAL VERA ÞANNIG FRÁGENGINN AÐ LEKI SEM FRAM KANN AÐ KOMA VERÐI SÝNILEGUR. GANGA SKAL ÞANNIG FRÁ LÖGNUM, VATNSGEYMUM O.Þ.H. Í BYGGINGUM MEÐ FULLNÆGJANDI EINANGRUN OG RAKAVÖRN ÞANNIG AÐ ÞAR SÉ EKKI HÆTTA Á RAKAÞÉTTINGU.

**4. AÐGENGI**

**ALMENNT**

SAMKVÆMT BYGGINGARREGLUGERÐ SKAL LÓÐ OG HÚS VERA HANNAÐ SAMKVÆMT ALGILDRI HÖNNUN. LEITAST ER VIÐ AÐ UPPFYLLA KRÖFUR. EF HÖNNUN UPPFYLLIR EKKI KRÖFUR MÁ MEÐ FREMUR EINFÖLDUM HÆTTI AÐLAGA HÚSNÆÐI OG LÓÐ AÐ SETTUM KRÖFUM T.D. MEÐ FÆRSLU INNRÉTTINGA, HÚSGAGNA EÐA LÉTTUM VEGGJUM.
SAMKVÆMT GR. 6.1.6. Í BYGGINGARREGLUGERÐ ER FJALLAÐ UM AÐGENGI, SKIPTIST REGLUGERÐIN Í MEGINREGLUR OG VIÐMIÐUNARREGLUR. ÞAR SEGIR AÐ MEGINREGLUR SÉU ÁVALLT ÓFRÁVÍKJANLEGAR EN VIÐMIÐUNARREGLUR SÉU FRÁVÍKJANLEGAR EF SÝNT ER FRAM Á AÐ AÐGENGI OG ÖRYGGI SÉ TRYGGT MEÐ JAFNGILDUM HÆTTI OG MEGINREGLA. HÖNNUN HÚSS MIÐAST VIÐ VIÐMIÐUNARREGLU ÞAR SEM AÐGENGI OG ÖRYGGI ER TRYGGT MEÐ JAFNGILDUM HÆTTI OG MEGINREGLA EÐA AÐ BREYTA MEGI HÚNSÆÐI MEÐ EINFÖLDUM HÆTTI.

**AÐKOMA, UMFERÐALEIÐIR OG DVALARSVÆÐI UTANDYRA:**

HÆÐARMUNI SKAL JAFNAÐ ÚT OG SET SLÉTT YFIRBORÐSEFNI Á AÐKOMULEIÐIR HÚSS. MEÐ SLÉTTU YFIRBORÐI ER ÁTT VIÐ HELLUR, MALBIK EÐA SAMBÆRILEGT. GÆTA SKAL ÞESS AÐ UPPSÖFNUN VATNS VERÐI EKKI Á AÐKOMULEIÐUM. BREIDD GÖNGULEIÐAR AÐ BYGGINGUM SKAL VERA AÐ LÁGMARKI 1,50 M.
HÆÐARMUNUR MILLI SVÆÐIS FRAMAN VIÐ INNGANGSDYR/ÚTIDYR OG GÓLFS SKAL EKKI VERA MEIRI EN 25mm, AÐ MEÐTALINNI HÆÐ Á ÞRÖSKULDI. GÓLF SVALA OG VERANDA MÁ MEST VERA 100mm LÆGRA EN GÓLF BYGGINGAR, AÐ ÞRÖSKULDI MEÐTÖLDUM, AÐ ÞVÍ TILSKILDU AÐ SKÁBRAUT SÉ KOMIÐ FYRIR AÐ UTANVERÐU UPP AÐ ÞRÖSKULDI.

**AÐALINNGANGUR OG AÐRAR UMFERÐALEIÐIR INNANDYRA:**

UMFERÐARLEIÐIR INNAN BYGGINGARINNAR ERU ÖRUGGAR OG HENTA TIL FYRIRHUGAÐRA NOTA OG ER UMFANG ÞEIRRA NÆGJANLEGT TIL AÐ ANNA UMFERÐ FÓLKS, SJÚKRAFLUTNINGUM OG ÖÐRUM FLUTNINGUM, S.S. Á INNANSTOKKSMUNUM, AÐFÖNGUM, ÚRGANGI O.Þ.H. SEM GERT ER RÁÐ FYRIR AÐ VERÐI INNAN HENNAR.

***INNGANGSDYR - GARÐDYR: GR. 6.4.2***.

HINDRUNARLAUS UMFERÐARBREIDD ALLRA INNGANGSDYRA BYGGINGA SKAL MINNST VERA 0,83m OG SAMSVARANDI HINDRUNARLAUS HÆÐ MINNST 2,07m.
ÞRÖSKULDUR VIÐ INNGANGSDYR/ÚTIDYR OG SVALA- OG GARÐDYR SKAL ALMENNT EKKI VERA HÆRRI EN 25mm. EINNIG ER MÖGULEIKI AÐ GETA TRYGGT AÐGENGI SEINNA MEÐ BREYTINGU Á ÞRÖSKULDI.
HINDRUNARLAUS UMFERÐARBREIDD ALLRA SVALA- OG GARÐDYRA SKAL MINNST VERA 0,80mm OG SAMSVARANDI HÆÐ MINNST 2,00m.
MIÐA SKAL VIÐ AÐ ÁTAK VIÐ AÐ OPNA HURÐ SÉ MEST 25N Á HANDFANGI OG MESTI ÞRÝSTINGUR EÐA TOG EKKI YFIR 40 N.
EF FRAMLEIÐANDI GETUR EKKI UPPFYLLT KRÖFUR REGLUGERÐAR UM HINDRUNARLAUSA UMFERÐARBREIDD VEGNA MISMUN Á AÐALUPPDRÁTTUM OG FRAMLEIÐSLU ÞÁ SKAL HAFA SAMRÁÐ VIÐ HÖNNUÐ AÐALUPPDRÁTTA UM LAUSN.

***DYR INNANHÚSS: GR. 6.4.3***.

HINDRUNARLAUS UMFERÐARBREIDD ALLRA INNIDYRA Í HÚSINU ER MINNST 0,80m OG SAMSVARANDI HÆÐ MINNST 2,00m.
MIÐA SKAL VIÐ AÐ ÁTAK VIÐ AÐ OPNA HURÐ SÉ MEST 25 N Á HANDFANGI OG MESTI ÞRÝSTINGUR EÐA TOG EKKI YFIR 40N.
EF FRAMLEIÐANDI GETUR EKKI UPPFYLLT KRÖFUR REGLUGERÐAR UM HINDRUNARLAUSA UMFERÐARBREIDD VEGNA MISMUN Á AÐALUPPDRÁTTUM OG FRAMLEIÐSLU ÞÁ SKAL HAFA SAMRÁÐ VIÐ HÖNNUÐ AÐALUPPDRÁTTA UM LAUSN.

***GANGAR OG ANDDYRI: GR. 6.4.4.***

ALMENN KRAFA ER UM AÐ BREIDD GANGA SKULI VERA 1,30m MEÐ 1.50m SNÚNINGSVÆÐI FYRIR FRAMAN HURÐAR.

**5. EINANGRUN**

VIÐ ÚTREIKNING Á EINANGRUN Í HÚSNÆÐI ER NOTAST VIÐ ORKURAMMA, ÚTGEFIÐ AF MANNVIRKJASTOFNUN. EINNIG ER NOTAST VIÐ TÆKNIUPPLÝSINGAR FRÁ FRAMLEIÐENDUM EINANGRUNAR.
SAMKVÆMT ÚTREIKNINGUM ÞARF EINANGRUN AÐ VERA EFTIRFARANDI TIL AÐ UPPFYLLA KRÖFUR UM U-GILDI SEM KOMA FRAM Í TÖFLU 13.01 Í BYGGINGARREGLUGERÐ:
SÖKKLAR: 75mm EINANGRUNARPLAST
PLATA: 100mm EINANGRUNARPLAST
ÚTVEGGIR: 145mm STEINULL
ÞAK: 200mm STEINULL
ORKURAMMA MÁ SJÁ Á AÐALUPPDRÁTTUM
ÖLL EINANGRUN Í HÚSI SKAL VERA ÓBRENNANLEG NEMA UNDIR GÓLFPLÖTU OG MEÐ SÖKKLUM SAMKVÆMT BYGGINGARREGLUGERÐ, 9.6.10. GR.

**6. HLJÓÐVIST / HLJÓÐEINANGRUN**

HÚS SKAL AÐ LÁGMARKI HANNA SAMKVÆMT HLJÓÐFLOKKI C. SAMKVÆMT ÍST 45 ÞÁ ERU EKKI GERÐAR NEINAR KRÖFUR UM LÁGMARKS HLJÓÐEINANGRUN MILLI RÝMA Í EINNI ÍBÚÐAREININGU.
LEITAST ER VIÐ AÐ HANNA HÚS MEÐ TILLITI TIL GÓÐRAR HLJÓÐVISTAR HVAÐ VARÐAR STAÐSETNINGU INNTAKA, STÆRÐ RÝMA, VAL HURÐA (MEÐ FELLIÞRÖSKULD), UPPBYGGINGU VEGGJA OG LOFTA. VANDA SKAL ÖLL VINNUBRÖGÐ VIÐ FRÁGANG LAGNA, VEGGJA, LOFTA, HURÐA OG SKILJA HVERGI EFTIR RAUFAR OG GÖT SEM VALDIÐ GETI HLJÓÐLEKA. NOTUÐ VERÐA ENDINGARGÓÐ FJAÐRANDI ÞÉTTIEFNI TIL LOKUNAR Á RAUFUM OG GÖTUM.

**7. BRUNAHÖNNUN**

HÚSNÆÐI FELLUR UNDIR NOTKUNARFLOKK 3. SAMKVÆMT GREIN 9.1.3. BYGGINGARREGLUGERÐ. *„MANNVIRKI EÐA RÝMI ÞAR SEM GERT ER RÁÐ FYRIR AÐ FÓLK GISTI. FÓLK SEM ER Í MANNVIRKINU ÞEKKIR FLÓTTALEIÐIR OG ER ALMENNT FÆRT UM AÐ BJARGA SÉR SJÁLFT ÚT ÚR MANNVIRKINU EÐA Á ÖRUGGT SVÆÐI VIÐ ELDSVOÐA".*
FLÓTTALEIÐIR ERU UM BJÖRGUNAROP Í ÖLLUM HERBERGJUM OG UM HURÐIR Í ÖÐRUM RÝMUM. UM BJÖRGUNAROP SEGIR Í BYGGINGARREGLUGERÐINNI, GREIN 9.5.5.
*"BJÖRGUNAROP SKULU HALDAST OPIN VIÐ RÝMINGU OG ÞAU SKAL VERA HÆGT AÐ OPNA ÁN LYKILS EÐA ANNARRA VERKFÆRA. Á BJÖRGUNAROPUM SKAL VERA BÚNAÐUR SEM HINDRAR AÐ LÍTIL BÖRN GETI OPNAÐ ÞAU MEIRA EN 89 MM".*
*„BREIDD BJÖRGUNAROPS SKAL VERA MINNST 0,60 M OG HÆÐ MINNST 0,60 M OG SKAL SAMANLÖGÐ HÆÐ OG BREIDD GLUGGANS EKKI VERA MINNI EN 1,50 M. HÆÐ FRÁ GÓLFI AÐ BJÖRGUNAROPI MÁ EKKI VERA MEIRI EN 1,20 M".*
*„BJÖRGUNAROP SKULU VERA Á HVERJU SVEFNHERBERGI".*
EF FRAMLEIÐANDI GETUR EKKI UPPFYLLT KRÖFUR REGLUGERÐAR UM STÆRÐ BJÖRGUNAROPA VEGNA MISMUN Á AÐALUPPDRÁTTUM OG FRAMLEIÐSLU ÞÁ SKAL HAFA SAMRÁÐ VIÐ HÖNNUÐ AÐALUPPDRÁTTA UM LAUSN.
BRUNAMÓTSTAÐA BURÐARVIRKJA SKAL VERA SAMKVÆMT LEIÐBEININGARBLAÐI 9.9.3. GR. MANNVIRKJASTOFNUNNAR.
VAL OG STAÐSETNINGU Á REYKSKYNJURUM MEÐ HLJÓÐGJAFA SKAL VERA SAMKVÆMT AÐALUPPDRÁTTUM OG LEIÐBEININGUM ELDVARNAREFTIRLITS.
HÖNNUN GERIR RÁÐ FYRIR FLEIRI SKYNJURUM EN BYGGINGARREGLUGERÐ FER FRAM Á. HLJÓÐSTYRKUR HVERS REYKSKYNJARA SKAL EKKI VERA UNDIR 75db.
VAL OG STAÐSETNINGU Á SLÖKKVIBÚNAÐI SKAL VERA SAMKVÆMT AÐALUPPDRÁTTUM OG LEIÐBEININGUM ELDVARNAREFTIRLITS. LEIÐBEININGARBLAÐ MANNVIRKJASTOFNUNAR 165.BR1 SÝNIR AÐ VIÐMIÐ FYRIR SLÖKKVIBÚNAÐ Í ÍBÚÐARHÚSI GETI VERIÐ DUFTTÆKI (ABC) EÐA FROÐUTÆKI. ÁSAMT ELDVARNARTEPPI Í ELDHÚS. VEGGHENGJA SKAL SLÖKKVITÆKI VIÐ ÚTGÖNGULEIÐIR.
AÐKOMA SLÖKKVILIÐS ER EKKI SKILGREIND Í DEILISKIPULAGI. AÐKOMA ER ÞVÍ VÆNTNALEGA SAMKVÆMT VIÐBRAGÐSÁÆTLUN SLÖKKVILIÐS. ÍBÚAR HÚSS SKULU GÆTA ÞESS AÐ AÐKOMA SLÖKKVILIÐS OG SJÚKRABÍLA SÉ GREIÐFÆR, AÐ EKKI SÉU ÓÞARFA HLUTIR INNAN LÓÐAR EÐA VIÐ LÓÐ SEM HINDRA FRAMGANG VIÐBRAGÐSAÐILA.

**8. ÝMISLEGT**

**SAMANLAGT LJÓSOP** GLUGGA HVERS ÍBÚÐARHERBERGIS SKAL EKKI VERA MINNA EN SEM SVARAR TIL 1/10 AF GÓLFFLETI ÞESS, ÞÓ ALDREI MINNA EN 1 m².
**SORPTUNNUR** SKULU VERA SAMKVÆMT KRÖFUM SVEITARFÉLAGS HINDRUNARLAUS HÆÐ FYRIR SORPÍLÁT SKAL VERA MINNST 1,40m.
SAMKVÆMT LEIÐBEININGARBLAÐI MVS 84. BR2 *„ÞEGAR UM ER AÐ RÆÐA EITT EÐA TVÖ SORPÍLÁT SKULU ÞAU STANDA A.M.K. 3m FRÁ TIMBURVEGG EN A.M.K. 2m FRÁ JÁRNKLÆDDUM VEGG EÐA VEGG MEÐ YFIRBORÐ Í FLOKKI 1, OG ÞAU MEGA STANDA UPP VIÐ VEGG Á STEINHÚSI. FJARLÆGÐIN SKAL ÞÓ ALDREI VERA MINNI EN 3m MIÐAÐ VIÐ STYSTU LÁRÉTTU FJARLÆGÐ Í GLUGGA EÐA TIMBURÞAKSKEGG EN 5 M SÉ MÆLT LÓÐRÉTT.*
*SÉU SORPÍLÁTIN 3 EÐA FLEIRI SKAL MIÐA VIÐ OFANGREINDAR FJARLÆGÐIR AÐ VIÐBÆTTUM 2 M."*
**LOFTÞÉTTILEIKI** HÚSS SKAL UPPFYLLA KRÖFUR BYGGINGARREGLUGERÐAR, 13.5.1 GR.
**ÚRGANG** VEGNA BYGGINGAFRAMKVÆMDA SKAL FLYTJA Á VIÐURKENNDAR MÓTTÖKUSTÖÐVAR

**9. BURÐARVIRKI**

AÐALUPPDRÆTTIR ERU FORSENDUR HÖNNUNAR EN SKAL ÞÓ AÐ SAMA LAGI EKKI SKERÐA HÖNNUN ANNARRA ÞÁTTA. EF AÐRIR HÖNNUÐIR TELJA BREYTINGA ÞÖRF Á AÐALUPPDRÁTTUM SVO ÞEIRRA HÖNNUN MEGI GANGA UPP, SKAL HÖNNUÐUR ÓSKA EFTIR SAMRÆMINGU HJÁ HÖNNUNARSTJÓRA OG/EÐA RÆÐA VIÐ HÖNNUÐ AÐALUPPDRÁTTA.
BURÐARVIRKI ER SAMKVÆMT HÖNNUN BURÐARÞOLSHÖNNUÐAR.
EF ÁKVEÐIÐ VERÐUR AÐ KOMA FYRIR ÍLÖGN VEGNA LEIÐRÉTTINGAR Á GÓLFPLÖTU EÐA TIL AÐ HYLJA GÓLFHITAKERFI SKAL HÆÐARKÓTI PLÖTU LÆKKA SVO ENDANLEGUR HÆÐARKÓTI GÓLFS VERÐI SÁ SAMI OG AÐALUPPDRÆTTIR GEFA UPP.
BRUNAMÓTSTAÐA BURÐARVIRKJA SKAL VERA SAMKVÆMT LEIÐBEININGARBLAÐI 9.9.3. GR. MANNVIRKJASTOFNUNNAR.

**10. LOFTRÆSING**

LOFTRÆSING ER BÆÐI NÁTTÚRULEG OG VÉLRÆN. ÚTSOG VÉLRÆN ERU ÚT UM TÚÐUR GEGNUM ÞAKKANNT FYRIR FATAHERBERGI, BAÐHERBERGI OG ÞVOTTAHÚS. ELDHÚS ER T.D. ULA ÚTSOGSVENTILL Í ÚTVEGG.
ÖNNUR RÝMI ERU LOFTRÆST UM OPNANLEG FÖG Á GLUGGUM. AÐSTREYMIS LOFT KEMUR FRÁ AÐLIGGJANDI RÝMUM, UM GLUGGA OG/EÐA LOFTVENTLA.
FRÁGANGUR OG HÖNNUN ER SAMKVÆMT LOFTRÆSIHÖNNUN
ÚTSOG SKAL VERA SAMKVÆMT BYGGINGARREGLUGERÐ:
ELDHÚS: 30 l/s
BAÐ: 15 l/s
MINNI SNYRTINGAR: 10 l/s
GEYMSLA: 0,2 l/s Á m2
ÞVOTTAHERBERGI: 20 l/s

**11. LAGNIR**

**ALMENNT**

AÐALUPPDRÆTTIR ERU FORSENDUR HÖNNUNAR EN SKAL ÞÓ AÐ SAMA LAGI EKKI SKERÐA HÖNNUN ANNARRA ÞÁTTA. EF AÐRIR HÖNNUÐIR TELJA BREYTINGA ÞÖRF Á AÐALUPPDRÁTTUM SVO ÞEIRRA HÖNNUN MEGI GANGA UPP, SKAL HÖNNUÐUR ÓSKA EFTIR SAMRÆMINGU HJÁ HÖNNUNARSTJÓRA OG/EÐA RÆÐA VIÐ HÖNNUÐ AÐALUPPDRÁTTA.

**VATNS, HITA OG FRÁRENNSLISAGNIR**

LAGNIR ER SAMKVÆMT HÖNNUN LAGNAHÖNNUÐAR.
LAGNIR KOMA ALMENNT INNÍ LAGNAGRIND VEGGJA.
HITASTIG VATNS VIÐ TÖPPUNARSTAÐ SKAL VERA SAMKVÆMT BYGGINGARREGLUGERÐ, 14.5.10. GR.

**INNTÖK** HITAVEITU, VATNSVEITU, RAFMAGNS OG NET/SÍMA ERU VIÐ VEGG Í ÞVOTTAHÚSI.

**UPPHITUN** ER MEÐ VATN Í LOFT VARMADÆLU SEM TEINGIST GÓLFHITA.
EF ÁKVEÐIÐ VERÐUR AÐ KOMA FYRIR ÍLÖGN TIL AÐ HYLJA GÓLFHITAKERFI SKAL HÆÐARKÓTI PLÖTU LÆKKA SVO HÆÐARKÓTI GÓLFS VERÐI SÁ SAMI OG AÐALUPPDRÆTTIR GEFA UPP.

**VATNSLAGNIR** KOMA ÍNNÍ VEGGJUM. HÁMARKS HITI NEYSLUVATNS VIÐ TÖPPUNARSTAÐI SKAL VERA 65°C

**FRÁRENNSLI** SKAL LEIÐA Í ROTÞRÓ Á LÓÐ HÚSSINS OG SKAL HÚN VERA AMK. 3000 L.
FRÁRENNSLISLAGNIR REGNVATNS AF ÞÖKUM TENGJAST Í PÚKK Á LÓÐ HÚSSINS.
ALLT LAGNAEFNI SKAL VERA GÆÐAVOTTAÐ AF VIÐURKENNDUM AÐILUM.
ÞAKRENNA SKAL VERA Í STÆRÐ 100mm, NIÐURFALLSRÖR 75mm. STAÐSETNING OG FJÖLDI SAMKVÆMT GRUNNMYND.

**LOFTRÆSING** ER BÆÐI NÁTTÚRULEG OG VÉLRÆN, FRÁGANGUR OG LAGNALEIÐIR ERU SAMKVÆMT LAGNAHÖNNUN.
AÐSTREYMIS LOFT KEMUR FRÁ AÐLIGGJANDI RÝMUM.

**RAFLAGNIR**

LÝSING ER SAMKVÆMT HÖNNUN RAFLAGNAHÖNNUÐAR. GÆTA SKAL ÞESS AÐ SKERMA ÚTILÝSINGU SVO HÚN VALDI EKKI ÓÞARFA LJÓSMENGUN.
LAGNIR KOMA ALMENNT INNÍ LAGNAGRIND VEGGJA. LAGNIR SKULU VERA UTANÁLIGGJANDI Á BRUNAVEGGJUM EF EKKI VERÐUR SETT RAFMAGNSGRIND.
RAFLAGNIR ER SAMKVÆMT HÖNNUN RAFLAGNAHÖNNUÐAR.
SETJA SKAL TENGIBÚNAÐ VEGNA HLEÐSLU RAFBÍLA SAMMKVÆMT GR. 6.7.1 Í BYGGINGARREGLUGERÐ.

**HEITUR POTTUR** MEÐ LOKI SKAL VERA SKV. BR 12.10.4. GR.

| BR | DAGS | BREYTING |
|---|---|---|
| | | |
| | | |
| | | |

**Verk:**
Arnarbæli 1c Grímsnes og Grafningshrepps. L228405.

**Efni:**
Byggingalýsing

| TEIKNAÐ: SÞB | HANNAÐ: SÞB | YFIRFARIÐ: SÞB |
|---|---|---|
| Hönnunarstjóri (ef annar en aðalhönnuður) | | KT: |
| SAMÞYKKT: Svanur Þór Brandsson | | KT: 030771-3709 |
| ÚTGÁFA DAGS: 09.05.23 | MKV: SKV. TEIKNINGUM | VERK NR: 23-16-2 |

**Svanur Þór Brandsson**
BYGGINGARFRÆÐINGUR
S: 578-3344 - svanur@sghus.is
KT: 030771-3709

**A-099**

BLAÐSTÆRÐ: A2




**Afstöðumynd**
1 : 500

TAFLA 1 ORKURAMMI

| Byggingarhluti | Lýsing | Flatarmál A ($m^2$) | U W/($m^2$ K) | U· A W/K |
|---|---|---|---|---|
| | | | | |
| Þak | Létt timburþak | 197,9 | 0,20 | 39,586 |
| Steyptir veggir | Á ekki við | 0,0 | 0,40 | 0 |
| Léttir veggir | 45*146mm | 120,9 | 0,30 | 36,258 |
| Gólf | 120 mm plata á fyll. | 124,5 | 0,30 | 37,35 |
| Gluggar/Hurðir | | 30,9 | 2,00 | 62 |
| | | | | |
| | | Orkurammi | Σ U· A | 175 |

Yfirlit
Orkubúskapur
Leiðbeiningar

TAFLA 2 RAUNTAP GEGNUM HJÚP OG BOTNPLÖTU

| Byggingarhluti | Lýsing | Flatarmál A ($m^2$) | U W/($m^2$ K) | U· A W/K | Einangrunarþ. mm |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | |
| Þak | Létt timburþak | 197,9 | 0,20 | 40 | 200 |
| Steyptir veggir | Á ekki við | 0,0 | 0,40 | 0 | 122 |
| Léttir veggir | 45*146mm | 120,9 | 0,28 | 33 | 145 |
| Gólf | 120 mm plata á fyll. | 124,5 | 0,25 | 13 | 100 |
| Gluggar | | 22,0 | 1,10 | 24 | |
| Hurðir | | 8,9 | 1,10 | 10 | |
| | | | | | |
| | | Rauntap | Σ U· A | 120 | |

TAFLA 3 TAP GEGNUM KULDABRÝR

| Kuldabrýr | Lengd L | ψ(W/mK) | ψ·L (W/K) |
|---|---|---|---|
| | | | |
| Lóðréttar kuldabrýr við úthorn | 0,0 | 0,04 | 0,00 |
| Láréttar kuldabrýr við plötuskil | 0,0 | 0,83 | 0,00 |
| Lóðréttar kuldabrýr við útvegg/innvegg | 0,0 | 0,83 | 0,00 |
| Kuldabrýr við svalir | 0,0 | 0,83 | 0,00 |
| Kuldabrýr útistigi-útveggur | 0,0 | 0,60 | 0,00 |
| Kuldabrýr við glugga | 0,0 | 0,04 | 0,00 |
| Kuldabrýr við hurðir | 0,0 | 0,04 | 0,00 |
| Sökkull undir útvegg | 62,0 | 0,48 | 12,75 |
| Sökkull undir innvegg | 9,7 | 0,46 | 5,74 |
| Aðrar | 0,0 | | 0,00 |
| | Kuldabrýr | Σ ψ· L | 18,5 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| ORKURAMMI ( Tafla 1) | | 175 | Krafa |
| RAUNTAP GEGNUM HJÚP OG BOTNPLÖTU (Tafla 2) | 120 | | |
| TAP GEGNUM KULDABRÝR (Tafla 3) | 18 | | |
| Tafla 2+3 | 139 | Raun | |
| Er Krafa/Raun>1,0 ? | 1,26 | Í lagi | |

| | | | U- gildi gluggaglerja | |
|---|---|---|---|---|
| **Grein 13.2.4** | | | | |
| Leiðnitap á fermetra gólfs pr. °C | 1,12 | W/$m^2$ °C | Fast gler | 1,60 |
| **Grein 13.3.2** | | | Opnanlegt fag | 1,90 |
| Útveggir, vegið meðaltal | 0,44 | Í lagi | | |

**Varmaleiðnitap (sundurliðun)**




| Niðurstaða | | |
|---|---|---|
| Orkurammi | 175 | W/K |
| Rauntap | 139 | W/K |
| Leiðnitap á ferm. gólfs | 1,12 | W/$m^2$ °C |
| Útveggir,vegið meðaltal | 0,44 | W/$m^2$ K |
| Aflþörf | 7.824 | W |
| Varmaþörf | 28.303 | kWh/ár |

**Skýringar tákna**

| | |
|---|---|
| K: | Hæð á lóðarmörkum, skv hæðarblaði |
| — — — | Byggingarreitur |
| 4 - 16 | Götunúmer |
| ══ | Útlínur útveggja |
| ▷ | Bílastæði |
| ⊏ | Sorp |
| —— | Lóðarmörk |
| RÞ | Rotþró |

| BR | DAGS | BREYTING |
|---|---|---|
| | | |
| | | |
| | | |

**Verk:**
Arnarbæli 1c Grímsnes og Grafningshrepps.
L228405.
**Efni:**
Afstöðumynnd og Orkurammi

| TEIKNAÐ: SÞB | HANNAÐ: SÞB | YFIRFARIÐ: SÞB |
|---|---|---|
| Hönnunarstjóri (ef annar en aðalhönnuður) | | KT: |
| SAMÞYKKT: Svanur Þór Brandsson | | KT: 030771-3709 |
| ÚTGÁFA DAGS: 09.05.23 | MKV: SKV. TEIKNINGUM | VERK NR: 23-16-2 |
| | | TEIKNING NR: **A-100** |

**Svanur Þór Brandsson**
BYGGINGARFRÆÐINGUR
S: 578-3344 - svanur@sghus.is
KT: 030771-3709

BLAÐSTÆRÐ: A1

| Skráningartafla: | Arnarbæli 1c | | | | Skrásetjari: | Svanur Þór Brandsson |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Landeignanúmer: | L228405 | | Prenta | | Kennitala: | 03.07 '71-3709 |
| Matshlutanúmer: | 01 | | | Útgáfa: 5.00 | Dags.: | 9.5.2023 |

**Uppskipting og lýsing** / **Stærðir**

| D0 Lokun | D1 Rými hæð-röð | D2 Notkun texti | D3 Höfuð-flokkun | D4 Eignar-hald | D5 Botnflötur m² | D5M Milliflötur m² | D6 Stigar m² | D7 Op m² | D8 Brúttóflötur m² | D9 Brúttóflötur sh < 1,8 | D10a Salarhæð min | D10b Salarhæð max | D11 Brúttó rúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D13 Birt flatarmál m² | D14 Reiknitala skiptarúmmáls | D15 Skipta-rúmmál m³ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | **Matshluti** | | | 254,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 127,0 | 127,0 | | | 470,8 | 107,0 | 127,0 | | 315,650 |
| | | **Botn** | | | | | | | | | | | 25,4 | | | | |
| | 01 | **1. Hæð** | | | 254,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 127,0 | 127,0 | | | 445,4 | 107,0 | 127,0 | | |
| A | 0101 | **Íbúð** | N | 0101 | 127,0 | | | | 127,0 | | 2,95 | 2,95 | 374,6 | 107,0 | 127,0 | 2,95 | 315,650 |
| A | 0102 | **Þakrými** | V | 0101 | 127,0 | | | | | 127,0 | 0,00 | 1,12 | 70,8 | | | | |

**Athugasemdir**

**Sameignir sumra**

| Eignar-hald | Notkun texti | Y-eignarhald | Notkun texti | Reikni-regla | Eignarhlutur |
|---|---|---|---|---|---|

Skiptarúmmál

| Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Séreign m³ án sameignar | Séreign og sameign m³ |
|---|---|---|---|---|
| 0101 | **Íbúð** | 127,0 | 315,650 | 315,650 |
| | **Alls** | **127,0** | 315,650 | **315,650** |

| | Lóð m² | Botnplata: Botnplata m³ | Botnplata m² | Hjúpfletir: Útveggir m² | Þar af: Glugga- og dyraop m² | Þak m² | Þar af: Þakgluggar og þakop m² | Efsti hæðarkóti | Ummál ofanjarðar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Matshluti** | 54000,0 | 25,4 | 127,0 | 120,9 | 30,9 | 193,2 | | | |

| Yfirlit | D5 Botnflötur m² | D5M milliflötur m² | D7 op m² | D8 Brúttóflötur m² með V og F | D9 Brúttóflötur undir 1,8 m með V og F | D11 Brúttórúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D13 birt flatarmál m² |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A rými | 127,0 | | | 127,0 | | 374,6 | 107,0 | 127,0 |
| Svalir A lokun | | | | | | | | |
| B rými | | | | | | | | |
| C rými | | | | | | | | |
| Fylgirými (F) | | | | | | | | |
| Afgangsrými (V) | 127,0 | | | 127,0 | 127,0 | 70,8 | | |
| Botnplata | | | | | | 25,4 | | |
| Samtals: | **254,0** | **0,0** | **0,0** | **254,0** | **127,0** | **470,8** | **107,0** | **127,0** |

Flatarmál nýtingarhlutfalls er A rými + B rými, undanskilið er brúttóflatarmál rýma með salarhæð lægri en 1,8 m, samkvæmt skipulagsreglugerð 2013 (breyting var gerð 2016). Notkun rýma hefur ekki áhrif á útreikning nýtingarhlutfalls.

| | m² | Lóð m² | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Flatarmál til útreiknings nýtingarhlutfalls | **127,0** | **54.000,0** | **0,00** |




# A- 1 hæð
1 : 100




# SNIÐ A-A
1 : 100

**Skýringar**

| | |
|---|---|
| BO | Björgunarop |
| H.ofn | Handklæðaofn |
| HS | Handslökkvitæki |
| GN | Gólfniðurfall |
| GSN | Gegnumstreymisniðurfall |
| HL | Handlaug |
| SV | Skolvaskur |
| ÞV | Þvottavél |
| VS | Vatnssalerni |
| SB | Steypibað |
| EV | Elhúsvaskur |
| VLR | Vélræn loftræsting |
| NF | Niðurfallsrör |
| R | Reykskynjari |
| H | Hleðslustöð rafbíla |
| K: | 0,00 |
| ET | Eldvarnarteppi |
| — — — | Byggingarreitur |
| | Þvottavél/þurrkari |
| | Útgangur |
| | Björgunarop |
| Inntök | Inntök fyrir hitaveitu, vatnsveitu, rafmagn og síma + Rafmagnstafla |

Glugga og hurða mál eru karmmál
Öll mál í mm nema annað komi fram

| BR | DAGS | BREYTING |
|---|---|---|
| | | |
| | | |
| | | |

**Verk:**
Arnarbæli 1c Grímsnes og Grafningshrepps.
L228405.

**Efni:**
Grunnmynd, Snið og Skráningartafla

| TEIKNAÐ: SÞB | HANNAÐ: SÞB | YFIRFARIÐ: SÞB |
|---|---|---|
| Hönnunarstjóri (ef annar en aðalhönnuður) | | KT: |
| SAMÞYKKT: Svanur Þór Brandsson | | KT: 030771-3709 |
| ÚTGÁFA DAGS: 09.05.23 | MKV: SKV. TEIKNINGUM | VERK NR: 23-16-2 |

**Svanur Þór Brandsson**
BYGGINGARFRÆÐINGUR
S: 578-3344 - svanur@sghus.is
KT: 030771-3709

**A-110**

SGHÚS

BLAÐSTÆRÐ: A2




## Norður
1 : 100




## Austur
1 : 100




## Suður
1 : 100




## Vestur
1 : 100

**Skýringar**

| | |
|---|---|
| BO | Björgunarop |
| K: | Kótar |
| 5° | Halli á þaki í gráðum (°) |

| BR | DAGS | BREYTING |
|---|---|---|
| | | |
| | | |
| | | |

**Verk:**
Arnarbæli 1c Grímsnes og Grafningshrepps.
L228405.

**Efni:**
Útlit

| TEIKNAÐ: SÞB | HANNAÐ: SÞB | YFIRFARIÐ: SÞb |
|---|---|---|
| Hönnunarstjóri (ef annar en aðalhönnuður) | | KT: |
| SAMÞYKKT: Svanur Þór Brandsson | | KT: 030771-3709 |
| ÚTGÁFA DAGS: 09.05.23 | MKV: SKV. TEIKNINGUM | VERK NR: 23-16-2 |

**Svanur Þór Brandsson**
BYGGINGARFRÆÐINGUR
S: 578-3344 - svanur@sghus.is
KT: 030771-3709

**A-120**

SGHÚS

BLAÐSTÆRÐ: A2




# GLUGGAR LÁRÉTT
1 : 10




# ÚTHORN Í ÚTVEGG LÉTT SNIÐ
1 : 10




# Veggja yfirlit
1 : 20




# GLUGGAR&HURÐAR- SÉÐ UTANFRÁ
1 : 100




# Deili í útvegg_ lóðrétt snið 18°
1 : 10

| BR | DAGS | BREYTING |
|---|---|---|
| | | |
| | | |
| | | |

**Verk:**
Arnarbæli 1c Grímsnes og Grafningshrepps.
L228405.

**Efni:**
Snið og Deili

| TEIKNAÐ: SÞB | HANNAÐ: SÞB | YFIRFARIÐ: SÞB |
|---|---|---|
| Hönnunarstjóri (ef annar en aðalhönnuður) | | KT: |
| SAMÞYKKT: Svanur Þór Brandsson | | KT: 030771-3709 |
| ÚTGÁFA DAGS: 09.05.23 | MKV: SKV. TEIKNINGUM | VERK NR: 23-16-2 |

**Svanur Þór Brandsson**
BYGGINGARFRÆÐINGUR
S: 578-3344 - svanur@sghus.is
KT: 030771-3709

**A-130**

SGHÚS

BLAÐSTÆRÐ: A2